

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Illugi Gunnarsson  
Sölvhólgata 4  
150 REYKJAVÍK

***Beiðni um viðræður um hugmyndir sem tengjast auknum sveigjanleika á milli skólastiga***

Reykjavíkurborg óskar eftir formlegum viðræðum um hugmyndir sem tengjast auknum sveigjanleika á milli skólastiga, og einkum þrennt:

- i) Að kanna kosti þess og galla að flytja samræmd próf tíundu bekkja til vors í níundabekk, og gefa þeim nemendum sem það kjósa val um að hefja fyrr nám í framhaldsskóla, að skilgreindum skilyrðum uppfylltum. Útskrift úr grunnskóla geti verið að vori í níunda bekk eða áramót í tíunda bekk, auk hefðbundinnar útskriftar að vori tíunda bekkjar. Gerð verði könnun á áhuga nemenda og viðhorfi kennara og skólastjórnenda í grunn- og framhaldsskólum til hugmyndarinnar sem hluti af þessari skoðun.
- ii) Að hleypt verði af stokkunum verkefni, í borginni í heild eða einstökum hverfum, þar sem nemendum á efstu árum grunnskóla verði gert ennþá auðveldara að ljúka skilgreindum áföngum fyrsta árs í framhaldsskólanámi samhliða námi í níunda og tíunda bekk. Möguleikar á þessu eru þegar fyrir hendi í ákvæðum laga og einstökum skólum en skerpa þarf verulega á því að verklagi meðal framhaldsskóla að námsáfangar/námseiningar sem grunnskólanemendur ljúka í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi séu metnar og geti því stýtt nám til lokaprófs. Jafnframt verði skilgreindur rammi sem tryggir að skólar, sem geta ýmist verið á grunn eða framhaldsskólastigi fái greitt fyrir að annast þessa kennslu og þeir þannig hvattir til þess.
- iii) Að efnt verði til viðræðna um rekstur Reykjavíkurborgar á einum eða fleiri framhaldsskólum í tilraunaskyni, til að auka samfellu í námi og vinna að ofangreindum áherslum.

Hugmyndirnar hér að ofan endurspeglar mikla deiglu sem er í umræðu um sveigjanlegri skil á milli skólastiga á vettvangi Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið hefur nýverið gert úttekt á kostum mismunandi leiða í auknum sveigjanleika á mörkum leik- og grunnskóla. Á mörkum þeirra skólastiga hefur sveitarstjórn býsna rúmar heimildir til að bjóða upp á fjölbreyttar lausnir.

Það er fullt tilefni til að undirbyggja umræðu og ákvarðanir um bestu leiðir og aukið val nemenda á mörkum grunn- og framhaldsskóla. Markmiðin eiga að vera betri menntun þar sem stöðu, þörfum, óskum og metnaði einstakra nemenda er mætt á einstaklingsmiðaðri hátt. Þegar nemendur hefja nám í framhaldsskóla á sér stað viss endurtekning á inntaki námsins og breyting á námsumhverfi sem getur leitt til þess að nemendur finna sig ekki í náminu og hverfa frá því. Vænlegast fyrir skólagöngu og menntun einstakra nemenda er að færsla milli grunnskóla og framhaldsskóla sé sem átakaminnst og miði að stöðu hvers nemenda.

Nokkurra ára reynsla er af kennslu framhaldsskólaáfanga sem hluta af lokaárum grunnskóla. Með grunnskólalögunum frá 2008 var þetta fyrirkomulag fest í sessi. Hún var góð, einkum fram af, þegar fjármunir fylgdu verkefninu. Þetta nám á framhaldsskólastigi kom til móts við duglega nemendur bæði til dýpkunar á námsefni og hugsunin var sú að stytta leiðina til lokaprófs í framhaldsskóla. Því miður var það þó þannig að einungis fjölbrautarskólar tóku þessar námseiningar gildar þegar í framhaldsskóla var komið og framkvæmdin hefur að ýmsu leyti verið vanfjármögnuð og ómarkviss, þótt hún ætti að geta stuðlað að markvissara námi og bættri nýtingu fjármuna. Viðhorf virðast einnig vera að breytast og má sem dæmi nefna að Menntaskólinn í Reykjavík hefur lýst áhuga á að þróa kennslu og námsefni á skilum milli grunn- og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við umræðu um styttingu framhaldsskóla. Það gæti orðið áhugavert þróunarverkefni.

Sveigjanleg skólaskil mætti líka fá fram með því að nemendur gætu valið að hefja nám að loknum níunda bekk, fremur en tíunda bekk. Slíkt val er fyrir hendi í Danmörku. Þetta gæti kallað á breytingu á tímasetningu samræmdra prófa, sem nú eru að hausti í tíunda bekk en gætu verið að vori í níunda bekk. Þá mætti velja því upp hvort nemendur ættu einnig að eiga þess kost að hefja framhaldsskólanám um áramót í tíunda bekk eða að allt síðasta skólaár grunnskólans markist af nánara samstarfi grunn- og framhaldsskóla. Reykjavíkurborg er tilbúin að ræða og kanna allar slíkar leiðir í samstarfi við ráðuneytið og skólasamfélagið.

Ofangreindar hugmyndir kallast að ýmsu leyti á við markmið í Hvítbók um umbætur í menntun. M.a. að árið 2018 skuli 60% nemenda ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma í stað 44% nú. Þessu markmiði á að ná með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar.

Umræður um hvernig best megi ná þessum markmiðum er einnig hægt að hefja á breiðari grunni. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið sameiginlegar áherslur í skólamálu og sammælt um að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni til ársins 2020. Í skólastefnu SSH eru sett fram fjölmörg markmið sem kallast í ýmsu á við markmið Hvítbókar. Í því sambandi má nefna markmið um samfellt skólastarf í þágu nemenda frá leikskóla til framhaldsskóla, aðgerðaráætlun um að minnka brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla og tilraunaverkefni til fimm ára um að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem áhuga hafa taki yfir rekstur einstakra framhaldsskóla. Síðast talda hugmyndin er einnig ítrekuð í þessu bréfi. Loks má nefna að skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur mótað forgangsriðun í skólamálu með áherslu á fimm umbótaþætti, þar sem aukin nemendamiðun í skólastarfi er eitt meginmarkmið auk áherslu á eflingu lestrarfærni og lesskilnings; aukið vægi verk-, tækni og listgreina; fjölmenningu með áherslu á eflingu móðurmálskennslu og íslenskukennslu barna af erlendum uppruna og loks gæði og fagmennsku með áherslu á starfsþróun fagfólks í skólakerfinu.

Dagur B. Eggertsson